



Landsnet hf.
Guðmundur Ingi Ásmundsson
forstjóri
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

11. MAÍ 2016
Verkefni: 2015-09-95
Lykill: 1.5 Abm.: Guðlaug Sig.

Reykjavík, 9. maí 2016
Tilvísun: 2015010046/10.5
Verknúmer: 4123110

Efni: Setning tekjumarka flutningsfyrirtækisins 2016 - 2020

Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir flutningsfyrirtækið eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi. Samkvæmt framangreindu hefði Orkustofnun átt að setja slík tekjumörk eigi síðar en 15. september 2015. Því miður hefur Orkustofnun ekki náð að uppfylla þetta skilyrði laganna og skýrist það einkum af miklu vinnuálagi raforkueftirlits Orkustofnunar á sumar og haustmánuðum 2015 sem má m.a. rekja til vinnu við uppgjör tekjumarka og vinnu vegna setningar hagræðingarkröfu. Ennfremur hefur verið mikið álag á Orkustofnun á árinu 2015, vegna vinnu vegna arðsemiskröfu sem m.a. hefur leitt af sér umfangsmikinn endurútreikning á uppgjöri fyrri ára. Af þessum ástæðum voru fyrstu drög að setningu tekjumarka 2016 – 2020 send út þann 28. september sl., Landsneti var svo gefin frestur til 1. nóvember sl., m.a. til þess að tryggja samráð og gefa Landsneti færi á að koma á framfæri athugasemdum vegna setningar tekjumarka, þar sem markmiðið var að tekjumörk yrðu ekki sett síðar en 1. desember sl.

Með bréfi dags. 15. nóvember 2015 sendi Landsnet Orkustofnun athugasemdir við fyrirhugaða setningu tekjumarka þar sem m.a. kom fram að Landsnet teldi að ákvörðun um rekstrarkostnað fyrir næsta tekjumarkatímabil yrði tekin til gagngerðs endurmats og rekstrarrámmi Landsnets hækkaður. Með bréfi Landsnets fylgdi minnisblað með nánari skýringum og rökstuðningi.

Í kjölfar erindis Landsnets voru haldnir fjórir fundir með Landsneti (þann 30. nóvember og 18. desember 2015 og 6. janúar og 12. janúar 2016) þar sem Landsnet fór yfir ýmis atriði og hugmyndir um það hvernig unnt væri að hækka rekstrarramma fyrirtækisins. Á framangreindum fundum kom það skýrt fram af hálfu Orkustofnunar að flestar þær tillögur sem Landsnet færði fram væru þess eðlis að til þyrfti breytingu á núgildandi lögum til þess að stofnuninni væri unnt að taka þær til greina. Með bréf dags. 2. febrúar s.l. sendi Orkustofnun svo út drög að setningu tekjumarka fyrir tekjumarkatímabilið 2016 - 2020. Í kjölfarið á fundi með Landsneti þann 3. mars sl. komu fram þær athugasemdir frá fyrirtækinu að þeim þætti réttara að miða við nýrri upplýsingar en síðasta uppgjör tekjumarka (uppgjör 2014), er afskriftir, eignastofn og WACC varðar, þ.e. þær upplýsingar sem loka tekjumarkajöfnunni. Orkustofnun hefur fallist á það og er því miðað við eignastofn 1.1.2015, í stað 1.1.2014 og arsemi 2016 (WACC 2016) í stað arsemi 2014 eins og fram kemur í síðustu drögum. Enn er miðað við afskriftir úr uppgjöri 2014, en nú er miðað við meðalgengi dollars í maí 2015, í stað meðalgengis dollars á árinu 2014, eins og gert var í uppgjörinu 2014.

Þann 15. mars sl. sendi Orkustofnun aftur út drög að setningu tekjumarka, í kjölfarið komu athugasemdir frá fyrirtækinu varðandi fjárfestingar að baki viðbótarrekstrarkostnaðar og var fjallað um þær á fundi með Landsneti þann 12. og 20. apríl sl. og hefur Orkustofnun leiðrétt viðbótarrekstrarkostnað í kjölfarið. Aðrar athugasemdir flutningsfyrirtækisins við ofangreind drög eru þær sömu og áður hafa komið fram og hefur þeim verið svarað hér að ofan.

Með vísan til ofangreinds, svo og til 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003, er settur rekstrarkostnaður fyrir tímabilið 2016-2020, í þúsundum króna:

	Rekstrarkostnaður fyrir tímabilið 2016 - 2020		
	Dreifiveitur	Stórnotendur	Samtals
Restrarkostnaður meðaltal 2010-2014	1.351.686	1.649.544	3.001.230
Fjarskiptakostnaður	8.496	10.368	18.863
Keyrsla displevéla	17.439	21.281	38.720
Viðbótarrekstrarkostnaður vegna nýrra eigna	38.382	46.840	85.223
Rekstrarkostnaður alls [þ.kr.]	1.416.003	1.728.034	3.144.036

Tafla 1.

Við skiptingu á settum rekstrarkosnaði á milli stórnotenda og almennra notenda verður tekið tillit til raunverulegra skiptihlutfalla deilda flutningsfyrirtækisins ár hvert. Í uppgjöri tekjumarka fyrir árið 2014 var þetta hlutfall, 55,0% fyrir stórnotendur og 45,0% fyrir almenna notendur. Við uppgjör tekjumarka er settur rekstrarkostnaður leiðréttur m.t.t. vísitölu neysluverðs á viðkomandi uppgjörssári, en rekstrarkostnaður er settur á grundvelli vísitölu neysluverðs í maí árið 2015, sbr. 12 gr. raforkulaga nr. 65/2003

Sama á við um skiptihlutfall vegna rekstrarkostnaðar vegna nýrra eigna. Þetta á við um rekstrarkostnað þeirra fjárfestinga sem teknar voru í notkun tímabilinu 2010 til 2014, og er bætt við þau forsöguár sem liggja til grundvallar fyrir þau ár þar sem eignin hafði ekki verið í notkun, til þess að fá rekstur eignarinnar metinn inn að fullu í sögulega grunninn. Þessi rekstrarkostnaður sem til kemur vegna nýrra eigna á tímabilinu 2010-2014 er reiknaður sem *hlutfall af stofnkostnaði* fjárfestingarinnar, en einnig er tekið tillit til vísitölu neysluverðs og þess mánaðar sem fjárfestingin var tekin í notkun. Þetta hlutfall af stofnkostnaði er 1,2%. Athygli er vakin á því að þetta á einungis við um fjárfestingar sem eru yfir 200 milljónir.

Við uppgjör tekjumarka er einnig tekið tillit til viðbótarrekstrarkostnaðar, sem á við fjárfestingar sem samþykktar hafa verið í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Þá er tekið tillit til rekstrarkostnaðar þeirra eigna sem teknar eru í notkun frá og með árinu 2015. Landsnet hefur óskað eftir því að við þetta mat verði hið svokallaða hlutfall af stofnkostnaði hækkað. Orkustofnun hefur samþykkt að hefja vinnu við að kanna hvort rétt sé að breyta þessu hlutfalli og í því samhengi óskað eftir tölulegum rökstuðningi frá Landsneti. Stofnuninni hefur ekki enn borist slíkur rökstuðningur og metur því að þetta hlutfall sé óbreytt að svo stöddu.

Orkustofnun hefur einnig samþykkt að bæta við kostnaði vegna reksturs varaafls og kostnaði vegna reksturs á fjarskiptakerfi frá árinu 2010, við settan rekstrarkostnað, enda formdæmi fyrir því frá setningu tekjumarka 2011-2015 sem kom til vegna viðamikilla breytinga sem gerðar voru á raforkulögnum árið 2011.

Sameiginlegum eignum er skipt samkvæmt notkun á sameiginlega kerfinu miðað tveggja ára gamla raforkuspá, ef horft er til raforkuspár 2013 á árinu 2015, töldu 72,9% til stóriðju en 27,1% til almennra notenda. Tveggja ára raforkuspá er talin gefa nákvæmasta mynd af skiptingu raforkukerfisins, þar sem Landsnet fjárfestir samkvæmt þeirri spá. Meðferð leigueigna er tekin til sérstakrar skoðunar við uppgjör tekjumarka.

Sett tekjumörk Landsnet 2016-2020 eru því eftirfarandi sbr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003

	Setning tekjumarka Landsnets tímabilið 2016 -2020			fyrir
	Dreifiveitur	Stórnotendur	Samtals	
Rekstrarkostnaður alls [þ.kr.]	1.416.003	1.728.034	3.144.036	
<i>Afskriftir (úr uppgjöri 2014)</i>	<i>1.020.543</i>	<i>2.776.257</i>	<i>3.796.800</i>	
<i>Arður (Eignastofn 01.01.2015 x WACC 2016)</i>	<i>1.376.097</i>	<i>4.631.341</i>	<i>6.007.438</i>	
<i>Arður af lausafé (UGTM2014)</i>	<i>59.798</i>	<i>108.728</i>	<i>168.526</i>	
Samtals gjöld	3.812.643	9.135.631	13.116.800	

Tafla 2.

Arðsemi er eins og fram hefur komið úr uppgjöri 2014, m.v. gengi dollars í maí 2015, og arður er settur fram fram miðað við stöðu eigna í upphafi árs 2015 og arðsemi 2016. Við uppgjör verður tekið tillit til arðsemi þeirra fjárfestinga sem teknar eru í notkun á árinu. Gengi dollars í maí 2015 var 132,5 kr. og engin hagræðingarkrafa er sett fyrir árin 2016-2020. Setning tekjumarka og hagræðingarkrafa fer eftir ákvæðum 12. greinar raforkulaga nr. 65/2003.

Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og varða gjaldskrármál eða starfsemi sérleyfisfyrirtækja eru kærarlegar til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr. raforkulaga. Kæra til nefndarinnar skal vera skriflega og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra

Silja Rán Sigurðardóttir
Silja Rán Sigurðardóttir
PhD. verkfræðingur

Rakel Jensdóttir
Rakel Jensdóttir
lögfræðingur